

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar
Þverholti 2
270 Mosfellsbæ

Mosfellsbær 8. mars 2019

Efni: Erindi stjórnar foreldrafélags Varmárskóla varðandi heildarúttekt á öllu húsnæði Varmárskóla.

Samkvæmt bókun fulltrúa foreldra í skólaráði 07.03.2019 vegna skýrslu frá Eflu 22.02.2019, óskum við eftir að eftirfarandi verði tekið fyrir á fundi bæjarstjórnar Mosfellsbæjar:

Fulltrúar foreldra ítreka nauðsyn á heildarúttekt á húsnæði skólans frá verkfræðistofunni Eflu eins og fundað hefur verið um með aðkomu skólastjórnenda, yfirmanna bæjarins ásamt bæjarstjóra. Við bendum á að verklokaskýrsla þessi er eingöngu **um hluta** þeirra skemmda sem fram komu í sjónrænni skoðun “innliti” vorið 2017 sbr. neðangreint.

Verklokaskýrsla

Mosfellsbær óskaði eftir að EFLA kæmi að eftirfylgni vegna framkvæmda á húsnæði Varmárskóla í kjölfar rakavandamála sem þar greindust í úttektum EFLU fyrst vorið 2017 og síðan að hluta aftur í sumarbyrjun 2018. Fjallað er um þau atriði sem komu fram og þarfnast úrbóta í minnisblöðum EFLU frá 12.06.2017 annarsvegar og 03.09.2018 hinsvegar. Hér eru atriðin upplistuð en EFLA kom að úrlausn á hluta þeirra og er þeirri vinnu lýst hér fyrir neðan.

Tekið er sérstaklega fram af skoðunarmönnum Eflu vorið 2017 að það sé fyrsta skref í nánari úttekt eða mælingum.

Skorum við því á bæjaryfirvöld að standa við gefin fyrirheit um heildarúttekt á skólahúsnæði Varmárskóla þannig að allri óvissu um óværu sé eytt.

Virðingarfyllt,
Stjórn Foreldrafélags Varmárskóla